Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ ágrip

Kópavogi, 28. apríl 2026
21111437/512.01 JVK

Efni: Ágrip frá bæjarstjóra

Framkvæmdastjórn Alzheimer Samtakanna hefur átt á síðustu mánuðum samtal við fulltrúa Kópavogsbæjar og bæjarstjóra um möguleika á leigu á húsnæðinu að Kópavogsgerði 8, Geðræktarhúsi.

Um er að ræða afnot af 120 fermetrum á fyrstu hæð hússins og 130 fermetrum í kjallara hússins. Í húsinu er áætlað að reka heilsutengda starfsemi fyrir fólk sem greinst hefur með heilabilun.

Alzheimer samtökin hafa fengið frá Heilbrigðisráðuneyti vilyrði um fjármögnum reksturs á Seiglu frá janúar 2027 og mun slík starfsemi fara fram í Geðræktarhúsi fyrir Kópavogsbúa. Seiglan er verkefni á vegum samtakanna sem bjóða upp á þjónustu við fólk á fyrstu stigum sjúkdómsins með einstaklingsbundnum áherslum til að viðhalda líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum ásamt því að stuðla að sjálfstæði og aukinni virkni.

Lagt er til við bæjarráð að samþykkja framlögð drög að leigusamningi við Alzheimer Samtökin um afnot af húsinu að Kópavogsgerði 8.

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri

Rafræn skilríki

Undirritað af: Ásdís Kristjánsdóttir
Kennitala: 2809783459
Tími: 28.04.2026 18:41
Samþykkt

Undirritað með OneSign